

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Sunnuhlíð, íbúðarsvæði, Röðulstangi.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til götunnar Röðulstanga innan íbúðarsvæðis ÍB8 við Sunnuhlíð. Í breytingunni felst að einbýlishúsalóðum fækkar innan skipulagsins úr 31 í 30, fjöldi parhúsa fer úr 54 íbúðum í 58 auk tilfærslna á húsagerðum og legu og stærðum lóða við Röðulstanga auk þess sem felld er út krafa um bílgeymslur á raðhúsalóðum í kafla 3.5. Samþykkt í sveitarstjórn 8. júlí 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Birkihlíð 17-21, lóð fyrir hreinsistöð breytt í raðhús.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Birkihlíðar 17 innan deiliskipulags Grafar og Laxárhlíðar, reitur M2 eftir grenndarkynningu. Breytingin tekur til íbúðarlóðar við Birkihlíð 17-21 þar sem gert er ráð fyrir hreinsistöð í gildandi deiliskipulagi. Tildrög breytingarinnar eru þau að ákveðið hefur verið að flytja hreinsistöðina út fyrir deiliskipulagsreitinn og við það verður til svæði sem hentar vel fyrir íbúðarlóð, með það fyrir augum að nýta byggingarland sveitarfélagsins sem best. Aðkoma að lóð nr. 17-21 verður frá Birkihlíð og er lagt til að nýtt endahús verði raðhús á einni hæð með sambærilegum skilmálum og gildir fyrir önnur hús í hverfinu, en án bílskúra.

Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 10. september 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.